

**Ed.**

**466. Framhaldsnefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum um vörutoll nr. 30, 22. okt. 1912.

Háttvirt neðri deild hefir gert eftirfarandi breytingar á frumvarpi þessu:  
Orðin: »steðjar«, »sleggjur«, »járnkarlar«, »ljáblöð«, »strigi«, »mottur«, »fiskinet«, »segldúkar«, »fastur vjelaáburður«, »spengur«, »rær og gaddar til járnbrautargerðar« í 1. gr. hafa verið feld burtu.

Nefndin í neðri deild hefir rökstutt þessa breytingu með því að þessi nöfn vörutegunda standi aldrei á farmskrá og sje því ekki rjett að telja upp þessar vörur, heldur ákveða tollinn af þeim eftir því, hvað sendingin er nefnd á farmskránni, og mun rjett, að nokkrar af þessum vörum eru oft í umbúðum með vörum, sem á þennan hátt komast undir 6. lið 1. gr., en oft mun það ekki máli skifta. Segldúkur og strigi lenda undir 3. lið, og má vera að rjettara sje að svo verði.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að rjett sje að samþykkja frumvarpið, eins og það liggur fyrir, þar sem þessi ágreiningsatriði eru í sjálfu sjer lítilljörleg í samanburði við þá rjettarbót, sem að öðru leyti liggur í frumvarpinu.

Alþingi 10. ágúst 1914.

Karl Einarsson,  
skrifari og framsögum.

Kristinn Danielsson.

Ósamþykkur. Ræð til að fella frumvarpið:

Steingrímur Jónsson,  
formaður.